

Sandgerði, þann 10 janúar 2022.

Málefni: Áframhaldandi samstarf 2022.

Ágæti samstarfsaðili Bláa hersins.

Um hver áramót þegar litið er yfir farin veg kemur þessi spurning alltaf upp sem leitar á hugann og ég velti fyrir mér af raunsæi og einlægni. Á ég að halda áfram eða er þetta komið nóg.

Það er eðlilegt að ég spyrji mig, ég er að verða 65 ára en er ennþá bara furðu hress eftir allt saman.

Allt það sem hefur áunnist með sterku baklandi undanfarin ár er mér mjög svo hugleikið og mikil hvatning um að gera betur, halda áfram, vera til staðar fyrir umhverfið og geta gert gagn.

Ég hef því ákveðið að halda áfram og tel að það séu mjög mikil og krefjandi verkefni framundan, stjórnvöld hafa ákveðið að setja visst fjármagn í strandhreinsiverkefni, Blái herinn hefur sótt þar um styrki, Blái herinn hefur sótt um að fá að hreinsa Suðurströndina (Eins mikið og fjármagn leyfir) og verkefni stjórnvalda byggir á 3-5 ára sóknaráætlun í þeim efnum. Aðgerðaráætlunin heitir Úr viðjum plastsins og þar er liður # 17 sem að okkur snýr.

Toyota hefur líst yfir áframhaldandi stuðningi og mun skaffa enn einn Hiluxinn, hann verður perluhvítur eins og sá sem við höfðum afnot af 2021, það þarf því ekki að endurmála og merkja kerruna. Bíllinn verður merktur þeim aðilum sem vilja vera áfram í Draumateymi Bláa hersins 2022.

Má bjóða þínu fyrirtæki að vera í Draumateyminu okkar árið 2022.

Vinsamlegast svarið okkur við fyrsta tækifæri .

Við þökkum með stolti fyrir þann stuðning sem þið hafið veitt okkur, það hefur gert gæfumunin fyrir okkar vegferð um að eignast hreinna og heilnæmara umhverfi og fyrir það getið þið verið stolt sem baklandið okkar.

Með vinsemd og virðingu,

Tómas J. Knútsson.